

Sþ.

141. Fyrirspurnir.

[117. mál]

I. Til utanríkisráðherra um málefni Vladimirs Ashkenazy.

Frá Heimi Hannessyni.

1. Vilja íslensk stjórnvöld taka upp að nýju við sovésk stjórnvöld þá beiðni föður Vladimirs Ashkenazy, að hann fái að heimsækja son sinn og fjölskyldu hans á Íslandi?
2. Hver voru svör sovésku stjórnarinnar á sínum tíma við sömu ósk?

II. Til fjármálaráðherra um fjárlagaáætlanir.

Frá Magnúsi Jónssyni.

Hvað liður gerð fjárlagaáætlana til nokkurra ára í senn, í samræmi við þingsályktun, sem vísað var til ríkisstjórnarinnar á síðasta þingi?

III. Til iðnaðarráðherra um fjármagn og fjármagnsöflun til niðursuðuverksmiðja.

Frá Bjarna Guðnasyni.

1. Hvaða fjármagn hafa niðursuðuverksmiðjur í landinu fengið til uppbyggingar og endurbóta á tímabilinu 1972—1973?
2. Hvaða fjárfestingarsjóður á að veita lán til ofangreindra framkvæmda niðursuðuverksmiðjanna?

IV. Til iðnaðarráðherra um erlent hráefni til lagmetis.

Frá Bjarna Guðnasyni.

1. Hver hefur haft forustu um hráefniskaup erlendis frá á þessu ári fyrir Siglósíld, Norðurstjórnuna og K. Jónsson & Co., Akureyri?
2. Hvað hefur verið keypt mikið hráefni erlendis, og hvernig skiptist það á milli ofangreindra verksmiðja?
3. Í hvaða gæðaflokki hefur þetta erlenda hráefni verið, og hver hefur eftirlit með innflutningi þess, að því er varðar gæði og hollustu?
4. Er trygging fyrir því, að þetta hráefni gefi okkur samkeppnisaðstöðu á þeim hefðbundnu mörkuðum, þar sem Sölustofnunin er að leita fyrir sér um sölu á íslensku lagmeti?

V. Til iðnaðarráðherra um Sölustofnun lagmetis.

Frá Bjarna Guðnasyni.

1. Hver hefur söluárangur Sölustofnunar lagmetis orðið á fyrsta starfsári hennar, þ. e. hefur orðið aukning á magni útflutts lagmetis og hafa ný markaðslönd opnast fyrir atbeina Sölustofnunarinnar, frá því að hún hóf starfsemi sína?
2. Hefur afkoma lagmetisiðnaðarins batnað við tilkomu Sölustofnunar lagmetis, þ. e. hafa hagkvæmari sölusamningar fengist?

VI. Til fjármálaráðherra um Norðurstjórnuna o. fl.

Frá Bjarna Guðnasyni.

1. Varð Norðurstjarnan h/f í Hafnarfirði ríkisfyrirtæki, þegar ríkissjóður breytti gömlum skuldum fyrirtækisins í hlutafé?
Ef svo er, hvað er hlutafé ríkissjóðs mikið í Norðurstjórninni, og hve stór hluti er það af heildarhlutafé?
2. Hve mikið fjármagn hefur ríkissjóður lagt í Sölustofnun lagmetis, Lagmetisiðjuna Siglósíld og Norðurstjórnuna h/f á s. l. ári og árinu 1973?